



Til stjórnenda á heilbrigðissviði

Upplýsingar um sértæka námsleið til BS-prófs í hjúkrunarfræði fyrir fólk sem lokið hefur öðru háskólaprófi en hjúkrunarfræði 1. október 2019

- **Skv. samþykkt háskólaráðs hefst tilraun um þessa námsleið haustið 2020 við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.**
- **Við skipulag námsleiðarinnar hefur engum efnispáttum verið sleppt – en tekist hefur að þjappa saman því efni sem námið tekur til án þess að slá af kröfum til nemenda. Námsleiðin er skipulögð sem tveggja ára nám, 11 mánuðir hvort ár, eða 22 mánuðir alls. Jafnframt þurfa nemendur að bæta við sig klínískum námsstundum sem nema allt að fjórum mánuðum til að uppfylla viðmið tilskipunar um lengd klíníks náms.**

Nám í hjúkrunarfræði tekur mið af 3. gr. reglugerðar 512/2013 um menntun, réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi, en þar er kveðið á um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis. Þar kemur fram að menntunin skuli uppfylla skilyrði tilskipunar 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Directive 2005/36/EC). Í 31. grein tilskipunarinnar (bls. 19) er kveðið á um lágmarkslengd námsins, fræðilega og klínísku, og um efnislegt innihald námsins og hvar klínískt nám skuli fara fram (viðauki 5.2.1., bls. 90). Lágmarkslengd klínísku námsins, skilgreint sem bein samskipti við heilbrigða eða sjúka einstaklinga, er 2300 stundir.

- **Inntökuskilyrði: nemandi hafi lokið BA-, BS- eða BEd-prófi með lágmarkseinkunninni 6,5 og lokið að lágmarki 40 einingum samtals í undirstöðugreinum hjúkrunar, þ.e. aðferðafræði/tölfræði, félags-, sálfræði- og líffræðigreinum.**
- Auk mikillar þarfar fyrir fleiri hjúkrunarfræðinga er meginástæða þess að farið er af stað með þessa námsleið sú að fullnægja eftirspurn frá fólki í atvinnulífinu sem hefur lokið öðru háskólaprófi og hefur áhuga á afla sér hjúkrunarfræðimenntunar með nýjan starfsvettvang í huga. Framboðið af fólki með bakkalárgráður hefur sjaldan verið meira.
- **Erlendis er löng hefð fyrir því að bjóða þeim sem lokið hafa öðru háskólaprófi upp á sérstaka námsleið í hjúkrunarfræði og þá sérstaklega í Bandaríkjunum og Kanada.**
- Hjúkrunarfræðideild HÍ raðast nú í 101.-150. sæti hjúkrunarfræðináms* í heiminum. Kennarar og stjórnendur deildarinnar hafa sett sér það markmið að verða með þeim 100 bestu og bjóða áfram upp á framúrskarandi nám í hjúkrunarfræði sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur og þjónar íslensku samfélagi. Allar ákvarðanir um nám og námsleiðir taka mið af því að allir nemendur fái framúrskarandi menntun.

*Skv. Shanghai Academic Ranking of World Universities, 2019